

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 14. maí 2014

Efni: Síðbúin umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða losun og móttöku úrgangs frá skipum (EES-reglur, innleiðing) – 376. Mál

Skeljungur hf. vill með þessari umsögn vekja athygli á eftirfarandi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir gjaldtöku í formi hafnargjalda á tiltekin skip vegna kostnaðar við móttöku úrgangs. Gjaldtakan verður samsett. Fyrir afhendingu farmleifa ræðst gjaldið af tegund og magni farmleifa sem afhentar eru og fyrir móttöku og meðhöndlun á skólpi og úrgangi frá skipum verður það lagt á óháð því hvort úrgangur fellur til eða ekki. Auk þess verður Umhverfisstofnun heimilt að innheimta gjald fyrir eftirlit. Af frumvarpinu má einnig ráða að lagt verði gjald á tiltekin skip vegna olíuúrgangs, óháð því hvort skilað er olíuúrgangi eða ekki.

Eins og fram kemur í þingskjali þá er móttaka á olíuúrgangi í ákveðnum farvegi á Íslandi og er hún fjármögnuð með úrvinnslugjaldi að hluta og greiðslum skilaðila að hluta. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir nýju gjaldi á skip, úrgangsgjaldi, sem innheimt verður óháð því hvort þjónusta er veitt eða ekki. Gangi það eftir verða tilteknir aðilar skattlagðir bæði með úrvinnslugjaldi og úrgangsgjaldi vegna móttöku olíuúrgangs. Ekkert í lögum útilokar þó að það gangi eftir, þó að munnlega liggi fyrir að það sé ekki ætlan stjórnvalda.


Úrgangsgjaldið sem lagt verður á, verður samsett gjald fyrir sorp og skolp og við útreikning þess verður tekið mið af því hve margir eru í áhöfn skipsins sem og í hve marga daga ferð skipsins hefur varað auk gjalds vegna olíuúrgangs en það mun miðast við stærð skips og fjölda daga úti á sjó. Hér er ljóst að að um er að ræða flókin útreikning, auk þess sem gert er ráð fyrir margvíslegum undantekningum og gjaldtakan getur því ekki tekið mið af þjónustu sem veitt er. Því er hér um skattheimtu að ræða en ekki þjónustugjald.

Í þessu sambandi ber að nefna að í gildi er samningur á milli Úrvinnslusjóðs og olíufélaganna um að olíufélagin annast söfnun, móttöku, flutning og förgun/endurvinnslu allrar úrgangsolíu frá íslenskum skipum, sbr. 8. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Samkvæmt sama samningi annast olíufélagin móttökur olíuúrgangs frá öðrum skipum samkvæmt gjaldskrá. Samkvæmt ákvæði í 7. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, skal hverjum þeim sem annast dreifingu og sölu á olíu vera skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki sem til þess hafa leyfi Umhverfisstofnunar, og tryggja viðunandi eyðingu, og skýrir það ma. aðkomu olíufélaga að þessum samningi.

Ef það er ætlan löggjafans að fylgja lagasetningunni eftir og skylda hafnir til að leggja sérstakt úrgangsgjald á skip sem koma til hafnar og þar með að leggja þær skyldur á hafnir að taka á móti olíuúrgangi frá skipum, ber að fella niður eða endurskoða ákvæði laga um úrvinnslugjald á olíuvörur og þær skyldur olíufélaga að taka við olíuúrgangi frá skipum.

Þessum athugasemdum er hér með komið á framfæri.

Skeljungur hf.


Ólafur Jónsson

Afrit sent: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, kiartan.ingvarsson@uar.is